

Jófreys kvæði

Jón Helgason

Kvæði af Jófri (eða Jósveini) hefur þrívegis verið skrifað upp í Færeyjum. Þessir textar verða hér nefndir A, B og C, eða, ef þörf gerist, FærA, FærB og FærC.

A: Uppskrift J. H. Schröters (1771–1851), hefur verið í eigu Svend Grundtvigs. Prentuð í *Føroya Kvæði* III 1, 1944, bls. 139–40. Fyrirsögn: »Iofrye eller Geafreas Vuisa«. Athugasemdir eru neðanmáls og dönsk þýðing aftan við.

B: Uppskrift V. U. Hammershaimbs úr Sunnbæ í Suðurey 1847. Prentuð í *Færøsk Anthologi* I, 1891, bls. 239–44.

C: Uppskrift sama manns úr Skúfey 1848, að nokkuru leyti skrifuð sem orðamunur við B, þrýtur með 15da erindi.

Af uppskriftunum væri að ráða að kvæðið hafi helzt verið tíðkað í Færeyjum sunnanverðum. Um uppskrift Schröters mun óvíst hvar gerð sé (hann var prestur í Suðurey 1797–1828, en sat síðan í Þórshöfn); í útgáfunni er hún sögð úr Suðurey, og mun þá farið eftir málsauðkennum. Úr Suðurey eru einnig þau tvö afbrigði kvæðalagsins sem H. Thuren birti í bók sinni, *Folkesangen paa Færøerne*, 1908, bls. 140, sbr. bls. 79–80.

Í annan stað hefur kvæði af Jófrey, að miklu leyti samhljóða hinu færeyska, tvívegis verið skrifað upp á Íslandi undir lok 17du aldar eða skömmu eftir 1700. Þessir textar verða hér nefndir A og B, eða, ef þörf gerist, ÍslA og ÍslB.

A: AM 153 8vo II, bl. 34v–38r, átjándi og síðasta kvæði í kveri sem ugglaust mun með hendi Odds Jónssonar digra (1648–1711). Sbr. Editiones Arnamagnæanæ Ser. B, vol. 10, bls. xv o. áfr., vol. 12, bls. x og 217.

B: AM 153 8vo IV, bl. 22r–24r, fyrsta kvæði í kveri með ókunnri hendi, sbr. Ed. Arnam. Ser. B, vol. 13, bls. xxxv, xxxvi og 90. Fyrirsögn er: »Eitt fornkvæði af Jófrey og Ólofu útlagt úr dönsku.«

Á gömlum bókum er AM 153 8vo stundum kallað 151, sbr. Ed. Arnam. Ser. B, vol. 13, bls. lii o. áfr.

Þórður Þórðarson († 1747), sem um hrið var skrifari Árna Magnússonar á Íslandi, hefur skrifað upphöf nokkurra kvæða sem einhver ókunnur heimildarmaður kunni, sjá Ed. Arnam. Ser. B, vol. 13, bls. xlv–xlvii og 178. Þar á meðal er hálft fyrsta erindi úr Jófreys kvæði, öldungis samhljóða B (nema nafnið er stafsett *Jofrei*). Strik eru dregin í línurnar, líklega sökum þess að Á. M. hefur fengið allt kvæðið uppskrifað. Ef svo er, hefur sú uppskrift glatazt.

Íslenzkir textar kvæðisins hafa verið óprentaðir hingað til. Markmið þessarar ritgerðar er framar öllu að draga þá fram í dagsljósið.

Kvæðið er í öllum gerðum ruglað og aflagað; íslenzku textarnir taka sízt hinum færeysku fram þó að færðir sé í letur nálægt hálfri annarri öld fyrr. Sum erindi eru óheil, sum lítt skiljanleg (svo sem ÍslA 17), sumum er skeytt ranglega saman, sumsstaðar vantar í. Það ber við að vand séð er hvort erindispartur er heldur skilinn sem frásögn eða tilsvár (ÍslA 10, 1–3), eða hverjum tilsvörin eru lögð í munn. Orðalag er stundum afbakað; enginn fengi skilið »með listunum ræmdur« ÍslA 4 ef ÍslB hefði ekki »og nistir um hans hendur«, þ. e. saumar að höndum honum, svo sem sagt var að fornu.

Nú skal leitast við að rekja efni kvæðisins með tilstyrk allra gerða:

Konungur (ónafngreindur) tekur til sín í fóstur lends

manns son ungan að aldri, sem Jófrey heitir (einu sinni nefndur Jófreyr í ÍslA, oftast í ÍslB, í FærA Iof(f)ry(e) eða Geof(f)ry, FærC Jófri, en í FærB Jósvein, eflaust óupphaflegt). Konungur leggur á hann ást, svo að hirðmönnum vex öfund.

Konungur á dóttur að nafni Ólöf (Óluva). Þau Jófrey fella hug hvort til annars, og hann kemur á fund hennar hvern morgun.

Meðal konungsmanna eru tveir, Sveinn og Álfur, sem einkum eru Jófrey óvinveittir, enda gefið í skyn að þeim leiki hugur á konungsdóttur (þeir eru þá keppinautar, en taka höndum saman til að bægja þriðja biðlinum frá). Enn fremur er í íslenzka kvæðinu nefndur »herra Björn«, sem þó hefur ekkert hlutverk, og Ölvir, sem beri merkisstöng konungs (ÍslA 5), síðar kallaður Ölvir merkismaður eða »merkir« (ÍslA 11, B 10). Færeyska kvæðið hefur Svein fyrir Björn og Álf fyrir Ölvi; það mun síður upphaflegt.

Konungur riður á skóg með föruneysi sínu (ÍslA 5–6, sbr. FærC 4: Riðu teir á skógvin kongurin og hann Álvur). Sveinn og Álfur rægja Jófrey, minna konung á að Jófrey sé ekki jafnoki dóttur hans fyrir ættar sakir og segja að hann sofi hjá henni (FærB 4–5; í FærA ættu erindin 4 og 6 að réttu lagi að standa saman, því að bæði eru ræða þeirra félaga). Fyrir »og (eg í útgáfunni er prentvilla) vil tíni ráð ei lýða« hefur FærC 5 »hann vil teg ráða av lívi«, og virðist ekki ólíklegt að upphaflegra sé.

Nú tekur í færeyska kvæðinu til máls sá maður sem nefndur er Vígbrandur (Vibrandur B) Geytason (Ieyta son A); hann lofar Jófrey og telur hann meyjunni samboðinn. Vígbrandur mun vera sami maður sem í ÍslA 6 heitir Nikulás Guðbrandsson, en af ræðu hans er þar svo lítið eftir að ekki skilst.

Öllum textum ber nú saman um að konungur beri sakir af Jófrey: sér sé kunnugt að hann sofi ekki hjá Ólöfu um nætur, heldur annarsstaðar. En í sömu andrá skipar hann svo fyrir að haldin skuli mikil veizla og Jófrey tekinn af lífi (þannig í færeyska kvæðinu, í hinu íslenzka er á þessum

stað aðeins sagt að þau, þ.e. Jófrey og Ólöf, skuli »skilin að öllu«. Hér rekst hvað á annað: fyrst sýknar konungur Jófrey, síðan leggur hann á hann dauðarefsingu. Tvær úrlausnir gætu komið til greina: 1. Sá sem ber Jófrey undan sök var upphaflega ekki konungur, heldur Vígbrandur Gautason, en konungur trúði betur Sveini og Álfi. 2. Konungur játaði að vísu að hann vissi að Jófrey svaf ekki hjá dóttur hans, en Sveinn og Álfur héldu áfram rógi sínum unz konungur lagði á hann trúnað (og væri það þá týnt úr). Báðir þessir kostir hafa þann annmarka að þeir fá engan stuðning úr neinni varðveittri gerð kvæðisins.

Ólöf stendur við glugga og sér viðurbúning til veizlunnar; hún spyr skenkisvein sinn hverju þetta sæti. Hann svarar að taka eigi Jófrey af lífi (ÍslB 8).

Jófrey gengur þangað sem Ólöf er í loftinu; hún kembir hár hans, og allar meyjar hennar fella tár (aðeins í færæyska kvæðinu, sbr. þó ÍslB 10, 1). Í færæyska kvæðinu býður Ólöf Jófrey að ganga til hallar og kveðst sjálf eigi munu dveljast lengi eftir (FærA 11); í hinu íslenzka kemur Ólvir merkismaður með boð til hans (hennar B 10) að koma þangað. Ólöf segir við skemmumeyjar sínar að þær skuli drekka mjöð og vín og biðja fyrir sál Jófreys; hann muni láta lífið í dag (aðeins í íslenzka kvæðinu).

Ólöf skryðist »með höfuðgull sjö« eða »gullhringa fimm« og gengur fyrir föður sinn. Konungur fagnar henni vel og biður hana kjósa sér mann. Hún svarar að slíkt sé ekki »meyja siður« og játar ást sína til Jófreys; »hun vælger ham ikke, men siger at hun har elsket og forlovet sig med ham« segir Schröter. Íslenzku textarnir (A 15–16, B 14) eru óljósir á þessum stað; orðin »eg gifti mig ei rösvari manni« (A 15) eru lítt skiljanleg nema hún hafi nefnt Jófrey áður.

Konungur býður Sveini og Álfi að taka Jófrey og »leggja á gólf«, og sver að hann skuli ekki »byggja kongsins stól« (færæyska kvæðið). Til þessa svarar ÍslB 15: konungur býður þremur þrælum að binda Jófrey.

Ólöf svarar konungi að sá skuli ekki byggja kongsins stól er ætli sér að svíkja Jófrey. Hún vísar Jófrey til vopna hjá þernu sinni. Þessi atriði eru einungis í færeyska kvæðinu.

Jófrey vegur Álf og Svein; í færeyska kvæðinu eru ekki nefndir fleiri, en í hinu íslenska lætur hann ekki staðar numið fyrr en konungur einn er eftir á lífi. Af ÍslA 19 væri að ráða að Ólöf komi honum til liðs í bardaganum, en það er sjálfsagt ekki upphaflegt.

Konungur biður sér griða og gefur Jófrey Ólófu. Niðurlag færeyska kvæðisins, þar sem Jófrey segir: »vart tú ekki, kongur, fosturfaðir mín / og frú Óluva dóttir tín, / so skyldi tú týna lívið«, eru kjarnmeiri en íslenzku kvæðislokin.

Efni kvæðisins er ekki tiltakanlega sérkennilegt og vandséð hvort höfundur hefur sjálfur sett það saman eða fundið það einhversstaðar. Hér verður ekki reynt að rekja það mál nánara. Þess eins skal getið að til eru dönsk fornkvæði (sjá einkum Danmarks gamle Folkeviser nr. 421–4) með áþekktum endi: kappi fellir menn konungs (og ber þá við að konungur hefur áður boðið þeim að binda hann), unz konungur sér ekki annað vænna en gefa honum dóttur sína. Niðurlagsorðum eins og »Vaar du icke kongen, det kaaste dit lifff« (DGF I bls. 60, er. 41, sbr. VII bls. 295, er. 26) svipar til þeirra sem tilgreind voru úr færeyska kvæðinu fyrir skemmstu. Nafnið Jófrey má rekja til Karlamagnús sögu (útg. Ungers bls. 46, 76, 109), og þaðan getur Ólöf einnig verið (Olif, op. cit. bls. 51 o. áfr.).

»Eitt fornkvæði af Jófrey og Ólofu útlagt úr dönsku« er fyrirsögn kvæðisins í ÍslB, en illt að vita hversu mikið hana muni að marka. Það er að minnsta kosti augljóst að kvæðinu er ekki snúið á sömu lund sem gert var á Íslandi við ýms dönsk kvæði á 17du og 18du öld: þýðandi hafði fyrir sér prentaðan danskan texta, flugblað eða bók, og íslenskaði með penna í hendi. Menn vita ekki um neitt kvæði af Jófrey er til hafi verið í Danmörku. Og B-textinn ber

með sér, engu síður en aðrir textar kvæðisins, öll auðkenni þess að hann sé skrifaður eftir því sem einhver heimildarmaður fór með hann, og sá hefur kunnað kvæðið miður vel.

En jafnvel þó að kvæðið hafi hvergi fundizt utan Færeyja og Íslands, er ekki ólíklegt að það sé upprunið á meginlandinu. Stuðlasetningar að íslenskum sið verður hvergi vart, og fátt hefur fundizt því til stuðnings að bragarháttur kvæðisins hafi verið tamur íslenskum skáldum eða færæyskum. Af Íslandi væri helst að nefna krossvísurnar Helgan kross að heiðra má, Íslenzk Miðaldakvæði I 267, og mun þar þó ætlazt til að 3ðja og 6ta vísuorð hafi aðeins tvö ris.

Hinsvegur er hátturinn altíður erlendis. Hann kemur fyrst fram á latneskum sekvensium, en á síðmiðöldum taka Þjóðverjar, Danir og Svíar hann upp og kveða undir honum á sínar tungur (sjá t. d. Karl-Ivar Hildeman, Politiska visor från Sveriges senmedeltid, 1950, bls. 273–4). Í Danmörku er háttinn að finna á ýmsum kvæðum frá 15du öld: Mariúvisum (Ernst Frandsen, Mariaviserne, 1926, bls. 14–18, 34–5, 39–42), köflum í Rímkróníkunni (taldir hjá Johs. Bröndum-Nielsen, Om Rimkrønikens Sprogform og Tilblivelse, 1930, bls. 23–4, í dálkinum »6-liniet«), kvæðum Herra Michaels; úr Svíþjóð er nafnkunnugt dæmi þar sem er kvæði Tómasar biskups, Friiheeth är thet betzta ting (talið ort 1439 eða þar um bil, sjá áður nefnt rit Hildemans bls. 203–5). Ófá dönsk kvæði frá 16du öld eða upp hafi hinnar 17du með þessum hætti eru prentuð í útgáfu H. Grüner Nielsens, Danske Viser 1530–1630 (nr. 2, 13, 15, 18, 19, 23, 30, 85, 90, 106, 157, 235), og á ofanverðri 17du öld notaði Petter Dass hann í Noregi í Nordlands Trompet.

Jafnvel þó að gert væri ráð fyrir að kvæðið væri danskt að uppruna, svo sem segir í ÍslB, er ekki unnt að ætla að Færeyingar og Íslendingar hafi numið það að Dönum, hvorir í sínu lagi. Nóg er að benda á rímorðin *gegna* og *fregna*, sem sameiginleg eru öllum textum (ÍslA 9 o.s.frv.), en verða ekki rakin til dönsku. Meira er naumast unnt að

segja um upphaf og feril kvæðisins nema svo undarlega skyldi vilja til að ný gögn kæmi fram. Það má vera að kvæðið hafi borizt af Íslandi til Færeyja eða úr Færeyjum til Íslands, og enn gæti komið til greina að hvorirtveggju hefðu sótt það til Noregs.

Kvæðið er þannig varðveitt að ætla má að upphaflegt orðalag hafi víða færzt úr lagi. Eigi að síður eru atriði í kveðandi þess sem vert er að gefa gætur:

Rímið í vísuorðunum 1–2 og 4–5 er stundum einkvætt, stundum tvíkvætt. Sé það tvíkvætt, er tvennt til: a) orðið var að fornu einkvætt, svo sem *hendur: frændur, Álfur: sjálfur*, eldra *hendr* o.s.frv. b) Stofnsamstafan var að fornu skömm, svo sem *gera: vera, troðin: borin*. Einu undantekningar eru *biðja* FærA 15, B 15, og *ferðar* FærB 3, en af rími og öðrum textum má ráða að báðar þessar orðmyndir eru grunsamlegar.

Vísuorðin 3 og 6 enda jafnan á tvíkvæðu orði og einlægt þvílíku sem að fornu hafði langa rótarsamstöfu, svo sem *hallar: alla, lífi: vífi*. Eina undantekning er *glaða* ÍsLA 11, en af ÍsLB 11 sést að réttur texti mun *glaðar* og *kátar*.

Þetta getur naumast verið hending ein. Til samanburðar má geta þess að síðari skáld færeysk sem notað hafa háttinn (Jóannes Patursson: Lögð eru tún á götum slöttum, Mikkjal á Ryggi: Erla kongsdóttir komin er; Fagur er morgunin. Sólin sær) láta, ef svo ber undir, vísuorðin 1–2 og 4–5 enda á orðum eins og *slöttum: -knöttum; gróti: móti*, vísuorðin 3 og 6 á orðum eins og *nevi: grevið; bita: sita*.

Jafnvel inni í vísuorðum, þar sem þó má ætla að fleira hafi farið úr skorðum, eru tvíkvæðir bragliðir með rótarsamstöfu sem skömm var að fornu (svo sem *mikill* ÍsLA 6, *föður* ÍsLB 14), heldur fátíðir. Allt bendir í þá átt að kvæðið, eins og það hefur varðveitt meðal Færeyinga og Íslendinga, sé ort (eða því snúið) áður en forn hljóðdvöl gleymdist. Af íslenskum kveðskap sést að hljóðdvöl tekur þar að riðlast á 16du öld (Björn Þórólfsson, Arkiv för nordisk

filologi 45, bls. 35 o. áfr.), en þó hafa verið dregin fram dæmi þess að til voru skáld á 17du öld sem enn höfðu ljóst hugboð um fornan mismun á dregnum samstöfum og skömmum (Stefán Karlsson, *Lingua Islandica, Íslensk tunga* 5, bls. 7 o. áfr.). En ekki verður rakið hvenær samskonar tíðindi gerðust í Færeyjum.

Um texta þá er hér fara á eftir skal þetta tekið fram:

Af stafsetningu handritanna er ekkert sérstakt að nema. Henni er því vikið til venjulegs íslenzks ritháttar, svo að auðveldara verði aflestrar. Tilvísunarkerki utan um tilsvör eru engin í handritunum, heldur er þeim bætt við af útgefanda. Sama máli gegnir um þá staði þar sem settar eru punktalínur; handritin hafa þar enga vísbendingu um að neitt vanti.

Í B er jafnan skrifað *Ólof* og má lesa *Ólöf* ef vill, því að o stendur þar einatt fyrir ö.

A (AM 153 8vo II)

1 (= B 1)

Það er nú kvæðið komið hér í bý
um þau Jófrey og Ólöfu mey,
það hefst af þeirra vilja;
það hefur mér verið so sannlega sagt,
þeim hefðu nornirnar forlögin lagt,
væri óhægt að skilja.

2 (= B 2)

Þá var hann Jófrey so lítið barn,
kongurinn lagði so ást við hann,
hann bauð honum heim til hallar;
það þótti hirðinni ofmikill munur,
var hann þó Jófrey lends manns sonur,
hann unni honum fram yfir alla.

3 (= B 3)

Þegar hann hafði í höllina farið mánuði sjö,
lagði hann ást við kongsins mey,
unni sem sínu lífi;
sá kom enginn dagurinn á morgunstund,
Jófrey kæmi ekki á Ólufar fund,
því hann hefur ást á vífi.

4 (= B 4)

Þvoði hún hans hár með listunum ræmdur,
hvorki vissu þar til feður né frændur,
so þeim mætti líka það illa;
þann mátti hún öngvan með augunum sjá,
hvört hann reið heim til hallarinnar eður frá,
vildi hans lífi spilla.

5 (ekki í B)

Það var einn blíðan dag að kongurinn reið út,
Jófrey bar hans skjöld og sverð;
herra Björn sér fyrir ráði;
Ólvir ber hans merkisstöng,
fyrðum þótti digur og löng,
meðan ríkið stóð í náðum.

6 (1-3 = B 5, 1-3; 4-6 ekki í B)

Ræddust þeir á skóginum Sveinn og hann Álfur:
»Vel máttu ráða þinni dóttir sjálfur,
gifta hana öðrum manni«.
Og so svaraði hann Nikulás Guðbrandsson:
»Það er so mikill mannamunur
að gifta hana mínu barni ei«.

7 (= B 5, 4-6)

Kongurinn talar við sveina sín:
»Hann sefur hvörja nótt í sæng móðir mín,
en ekki hjá vitru vífi«.

8 (= B 6)

Kongurinn talar við sveina sín:
»Þér skuluð blanda mjöð og vín

.....
og so sterka veizluna gjöra,
valla megí önnur frekari vera,
skulu þau skilin að öllu«.¹)

9 (1-3 = B 7, 4-6; 4-6 = B 7, 1-3)

Organ var í loftinu troðið,
merki heim til hallar borin,
gott skyldi slíku gegna;
Ólof stóð við gluggann einn,
ræðir við sinn skenkisvein,
eftir réð að fregna.

10 (1-3 = B 8, 1-3; 4-6 = B 9, 1-3)

»Helzt er hún Ólöf gestafróð,
hafa þeir í höllinni nýtekið ráð,
stendur það allt af vífi«.
»Ekki skyldi hann Jófrey drekka so í höllinni vín,
hann kæmi ekki í loft til mín
að leita sér nú ráða«.²)

11 (1-3 = B 10, 4-6; 4-6 = B 11, 1-3)

Ölvir merkismaður boðskapinn bar:
»Jófreyr, gakkstu loftinu úr
eina stund so langa«.
»Mínar allar skemmumeyjar drekki mjöð og vín
.....
gjöri þér yður glaða.«

12 (1-3 = B 11, 4-6; 4-6 = B 12, 1-3)

»Allir í loftinu, skiljið mitt mál,
biðji þér vel fyrir Jófrey sál,

1) 7 + 8 skrifuð sem eitt er. í hdr.

2) Milli 10 og 11 eru ekki erindaskil í hdr.

í dag mun hann lífið láta.
 Hún setur upp sín höfuðgull sjö,
 hún gengur í höll sem ein listug mey;
 allt skal til hæversku virða.

13 (= B 13)

»Kom þú, lofsæl dóttir mín,
 hér er þér sessinn, silkilín!
 þú ert ofbúin að standa;
 hér er vel skipuð innan öll mín höll
 með konga, jarla og hirðmenn gjörvöll,
 kjóstu þér mann til handa«.

14 (ekki í B)

»Kjóstu þér eitthvört riddara barn,
 öllum þínum frændunum komi vel í hug,
 tjáir ei lengur að fresta«.

15 (ekki í B)

»Það veit guð og hin helga sól,
 sá skal byggja kongsins stól
 sem sjálf kys eg mér til handa;
 það veit guð og hin helga höll,
 þó eg fari um löndin öll,
 eg gifti mig ei röskvari manni«.

16 (= B 14)

.....
 »Minni er það meyjarsíður
 að biðja sér sjálfra manna;
 eg má vel ein í loftinu sofa,
 því mun eg einhvörn öðlinginn lofa,
 fari eg um alla veröldina að kannað«.

17 (ekki í B)

»Eitt er það í heiminum mér er að mein,

á meðan þú elskar hann Álf og hann Svein,
skulu þau skilin að öllu«.

18 (= B 16)

Það vann hann konginum fyrsta mein,
hann vo fyrir borðum hann Álf og hann Svein,
týndu þeir sínu lífi;
þeir hafa tapað sinni önd,
hvörki eiga þeir láð né lönd,
hálfu síður munu þeir fá vald á vífi.¹⁾

19 (= B 17)

.....
Ólöf styður sig við hallar dyr,
lætur öngvan útganga,
yngsta mann né elzta svein,
ekki lifði í höllinni nema kongurinn einn,
sá áður var kjörinn til handa.

20 (1-3 = B 18, 1-3; 4-6 ekki í B)

»Hættu þig, Jófrey, högg ei mig,
allt mitt ríki gef eg þér,
láttu mig lífinu halda!«
»Gjarnan, kongurinn herra minn,
helzt fyrir hana Ólöfu dóttir þín
eg vil þér ekki granda«.

21 (1-3 = B 18, 4-6; 4-6 = B 19, 4-6)

»Unnið hefur þú láð og lönd
og allri ærunni komið þér á hönd,
sjálfur áttu vald á vífi«.
Ólof lifir sig með heiður og skraut
alla sína æfina sorgarlaus
með sínu herrans ráði.

¹⁾ 18 skrifað sem tvö hálf er. í hdr.

B (AM 153 8vo IV)

1 (= A 1)

Sú er ein vísan komin hér í bý,
Jófreyr Gautsson og Ólof mey,
mest af þeirra vilja,
það hefur mér verið sannlega sagt
að nornirnar hafi þeim forlögin lagt,
er ei dælt að dylja.

2 (= A 2)

Jófrey var eitt lítið barn,
kongurinn lagði ást við hann
og bauð honum heim til hallar;
það þótti hirðinni of mikill munur,
Jófrey var einn landsmanns sonur,
hann ann honum fram yfir alla.

3 (= A 3)

Þegar hann hafði í höllu verið mánuði sjö,
lagði hann ást við kongsins mey
og ann sem sínu lífi;
sá kom enginn dagur um morgunstund
að Jófreyr kæmi ei á Ólofar fund,
því hann hafði ást á vífi.

4 (= A 4)

Hún krúsar hans hár og nistir um hans hendur,
hvorki spyr hún að því föður né frændur,
þó þeim gjöri illa líka;
þann mátti hún öngvan með augunum sjá,
hvort hann gekk til hallar eða frá,
sem atlaði hann að svíkja.

5 (1-3 = A 6, 1-3; 4-6 = A 7)

Sögðu þeir konginum Sveinn og Álfur:

»Vel máttu þinni dóttir ráða sjálfur
og gifta hana öngvu barni«.

»Það sé eg«, kvað kongur, »með augum mín,
hvörja nótt sefur hann í sænginni sín,
en ei á meyjarmíni».

6 (= A 8)

Kongurinn talar við sveina sín:
»Þér skuluð blanda mjöð og vín
..... í höllu,
so skulu sterkar veizlurnar gjöra,
slíkar skulu hvörgi í borgum vera,
þaug séu skilin með öllu».

7 (1-3 = A 9, 4-6; 4-6 = A 9, 1-3)

Ólof stár sig í loftinu ein,
hún spurði að sinn skenkjarasvein
og gjörði eftir að fregna:
»Því mun organ í loftinu troðin
eða stór merki til hallar borin?
góðu skyldi það gegna».

8 (1-3 = A 10, 1-3; 4-6 ekki í A)

»Þú hefur, Ólof, oflítills gáð,
þeir hafa í höllinni nýtekið ráð,
það stendur allt af vífi;
ófyrirsynjum¹⁾ kom Jófreyr í höll,
tjærri er hans faðir þar hirtið er öll,
þeir svipta hann lífi».

9 (1-3 = A 10, 4-6; 4-6 ekki í A)

»Því mun hann í höllinni drekka so vín,
hann kemur ekki í loftið til mín
að leita til mín ráða,

¹⁾ þannig; venjuleg mynd: -synju.

hvört það sinn við legðustum niður
öngva mundi eg gleðina fella viður,
heldur hans hjarta náða«.

10 (1–3 ekki í A; 4–6 = A 11, 1–3)

Töluðust þaug við eina litla hrið,
þá kom í loftið boðin so stríð,
að ríka frú skyldi í höll ganga,
Ölvir merkir þann boðskapinn bar;
Jófreyr Gautsson í loftinu var
so marga stund¹⁾ og langa.

11 (1–3 = A 11, 4–6; 4–6 = A 12, 1–3)

»Allar mínar skemmumeyjar, drekkið mjöð og vín,
.....

gjörið yður glaðar og kátar,
allir hér í loftinu heyrið mitt mál,
biðji þér vel fyrir Jófreyar sál,
í dag á hann líf að láta«.

12 (1–3 = A 12, 4–6; 4–6 ekki í A)

Ólof setti upp sín höfuðgull sjö,
gengur í höll sem listug mey
og heilsaði sínum herra.
»Þann sver eg eiðinn á mína trú,
viti það Kristur og María frú,
eg vil yður ekki verrá«.

13 (= A 13)

Kongurinn talar til dóttir sín:
»Gakktu til bekkjar, sæti mín,
þú ert ofborin til að standa,
so er mín skipuð innan höll
með konga, jalla og hirðin öll,
kjós þér sjálf mann til handa«.

¹⁾ stund, skrifað sund í hdr.

14 (= A 16)

Ólof anzar sínum föður viður:
»Það er minni meýja siður
að biðja sjálfar sér manna,
vel má eg ein í loftinu sofa,
enn fæ eg einhvörn öðling að lofa,
fari eg öll lönd að kanna«.

15 (ekki í A)

Kongurinn kveður til þræla þrjá:
»Þér skuluð Jófrey böndum slá
og láta frúna hjá standa«.
»Jófrey Gautsson, gjörðu þig glaðan,
minnstu uppá hvað kongurinn talar,
láttu þér ekki granda!«

16 (= A 18)

Það vann hann konginum fyrsta mein,
hann hjó fyrir borðum Álf og Svein,
so báðir týndu þeir lífi;
þeir töpuðu þar með sinni önd,
hvorki áttu þeir lof né lönd
og aldrei vald á vífi.

17 (= A 19)

Jófreyr axlar söðla¹⁾ skinn,
svo sté hann í hallar dyr
og lætur öngvan útganga,
þann elzta mann og yngsta svein,
so ekki lifði nema kongur einn,
áður var hann kjörinn til banda.²⁾

1) 17,1 og 19,1 söðla mun villa fyrir safala (sama villa, sjá Ed. Arnam. Ser. B, vol. 12 bls. 244, er. 65).

2) banda er krotað í hdr. og fremsti stafur vandráðinn, má ef til vill lesa: landa.

18 (1-3 = A 20, 1-3; 4-6 = A 21, 1-3)

Kongurinn kallar: »Röskur drengur,
Jófreyr Gautsson, höggðu ei lengur,
láttu mig ná lífi!
Þú hefur unnið þér lofið og lönd,
allri minni velferð komið þér á hönd,
sjálfur áttu vald á vífi!«

19 (1-3 ekki í A; 4-6 = A 21, 4-6)

Jófreyr klæðist í söðla skinn,
so gengur hann í loftið inn
og tekur kongs nafn með öllu,
og so lifðu þaug Ólof með list og skraut
alla sína æfi sorgarlaust
í sinni eigin höllu.

Í kvæðinu verður hvað eftir annað fyrir slæðingur af orðavali úr fornkvæðum, svo sem vænta mátti: blanda (drekka) mjöð og vín; axla söðla (þ. e. safala) skinn; Kongurinn talar við sveina sín. Hér skulu að lokum nefnd fáein dæmi með tilvísun til líkra staða í þremur fyrstu bindum Íslenzkra Fornkvæða (Ed. Arnam. B, 10-12):

ÍsLA 3 Þegar hann hafði í höllina farið mánuði sjö, sbr. 10 bls. 99, er. 5-6.

ÍsLA 12 höfuðgull sjö, sbr. 12 bls. 182, er. 20.

ÍsLA 12 sem ein listug mey, sbr. 10 bls. 102, er. 24.

ÍsLA 13 Kom þú, lofsæl dóttir mín, sbr. 11 bls. 58, er. 15 og 19.

ÍsLA 14 Kjóstu þér eitthvört riddara barn, sbr. 10 bls. 56, er. 6.

ÍsLA 15 Það veit guð og hin helga sól, sbr. 11 bls. 13, er. 6.

ÍsLA 18 Það vann hann konginum fyrsta mein o. s. frv., sbr. 10 bls. 116, er. 45.

SUMMARY

A ballad about Jófrey has been recorded in three Faroese versions from the first half of the 19th century, as well as in two Icelandic from ca. 1700. Two of the Faroese texts have been published, while the Icelandic ones have not been until now. The principal aim of the present article is to publish them.

In reproducing the content of the ballad, all texts have been used. A young man named Jófrey (Jófrí, Jósvein) is being brought up by a king who shows him great favor. Jófrey and the king's daughter, Ólöf (Óluva), fall in love with each other. During a ride through a forest, two of the king's men, Sveinn and Álfur, tell the king that Jófrey has been sleeping with Ólöf, and remind him that Jófrey is not worthy of her. The king decides to give a big feast at which Ólöf is also to be present and Jófrey is to be punished with death. During the feast the king gives his daughter orders to choose a husband, and she openly declares her love for Jófrey. When the king commands that Jófrey is to be bound, the latter seizes his weapons and slays Sveinn and Álfur (as well as the king's other men, according to the Icelandic texts). The king pleads for mercy and gives his daughter to Jófrey.

All the texts, both the Icelandic and the Faroese, clearly have been written down from oral tradition with many corruptions. In the title in one of the Icelandic texts it is stated that the ballad was translated from Danish. No Danish text has, however, been preserved, but it is probable that the ballad was imported. This is indicated by the verse form which stems from Latin sequences and is well-known from Danish and Swedish poetry from the 15th and 16th centuries but was not used in Iceland or the Faroes (a single Icelandic poem about the holy Cross is, however, written in a related verse form). It is pointed out that both the Icelandic and the Faroese texts seem to presuppose the old syllabic quantity which in Icelandic began to break down in the 16th century, while it is not known when this took place in Faroese.